

Föstudaginn 4. desember 1964.

Nr. 100/1964. X (Gísli G. Ísleifsson hrl.)

gegn

K (Gústaf Ólafsson hrl.)

og

Y (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. júní 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. s. m. og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og stefndi Y gerður að aðilja málsins. Áfrýjandi krefst og, að stefndu, K og Y, verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi K krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Y krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Lagaheimild brestur til að áfrýja úrskurði þessum einum sér til Hæstaréttar. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 13. febrúar, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 22. maí 1963 höfðaði K, . . . , hér í borg, mál gegn X, . . . , . . . , og gerði þær kröfur, að hann yrði dæmdur faðir óskilgetins meybarns, sem hún ól 18. ágúst 1962.

Þessari kröfu mótmælir varnaraðili.

Á bæjarþinginu hinn 10. þ. m., er mál þetta var fyrir tekið, krafðist umboðsmaður varnaraðilja, Gísli Ísleifsson hæstaréttarlögmaður, þess, að Y . . . , . . . , yrði dreginn inn í málið sem varnaraðili. Var krafan þegar tekin til úrskurðar.

Í málinu eru málsaðiljar þar sammála um, að þau hafi átt vinnu saman í október—desember 1961, þ. e. á hugsanlegum og líklegum getnaðartíma barns þess, sem málið er risið af, og haft öðru hvoru samfarir saman á þessu tímabili.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðili muni einnig á þessu tímabili hafa haft samfarir við áðurnefndan Y. Skal nú rakið, hvað fram hefur komið um samband sóknaraðilja og Y.

Y og sóknaraðili eru sammála um, að með þeim hafi verið nán kynni og þau haft samfarir saman fyrri hluta árs 1961 eða fram til þess tíma, er sóknaraðili fór úr landi, en hún dvaldist erlendis um sumarið. Þau hafi ekki haft samfarir saman á hugsanlegum getnaðartíma barnsins.

Vitnið A, föðurbróðir Y, segist hafa vitað um samband Y og sóknaraðilja, en það samband hafi virzt slitna einhvern tíma á árinu 1961, og hafi allt virzt með felldu um hjónaband Y, a.m.k. frá því í október og fram yfir jól, en þá hafi fljótlega borið á því, að Y og sóknaraðili höfðu á ný tekið upp samband á milli sín. Haustið 1962 hafi slitnað upp úr hjónabandi Y, og hafi orsök þess verið sú, að vitnið hafi komið að sóknaraðilja og Y fáklæddum saman uppi í rúmi á heimili Y.

Vitnið B, sem starfaði með sóknaraðilja í revýusýningu í september—desember 1961, segir, að í fyrri hluta desember hafi hún heyrt, að sóknaraðili væri á ný farin að vera með Y, en vitninu var kunnugt um fyrra samband þeirra. Ekki sá vitnið Y og sóknaraðilja saman á umræddum tíma né getur tilgreint heimildir að því, að þau hafi þá verið í þingum saman.

Vitnið C, eiginkona Y, segir, að henni hafi verið kunnugt um, að kunnleikar voru með manni hennar og sóknaraðilja, en kveðst ekkert geta um það sagt, hve náði samband þeirra hafi verið. Vitnið mótmælir því, sem varnaraðili hafði haldið fram, að það hafi sagzt hafa komið að sóknaraðilja og Y saman í rúmi.

Vitnið D bjó á árinu 1961 á . . . og kveðst hafa flutzt þaðan fyrri hluta októbermánaðar, en samkvæmt aðseturstilkynningu

D flutti hann þaðan 30. september. Hann segir, að síðustu mánuðina, sem hann bjó þarna, hafi það komið fyrir, að sóknaraðili og Y hafi komið saman til hans og gist þar saman. Þetta hafi síðast gerzt í október snemma. Um vætti þetta segir sóknaraðili, að þetta hafi verið, áður en hún fór utan í júní 1961, en aldrei komið fyrir eftir að hún kom út aftur um mánaðamót ágúst—september.

Samkvæmt 3. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936 skal stefna öllum þeim mönnum sem varnaraðiljum í barnsfaðernismáli, sem „víst má þykja eða líklegt“ að haft hafi samfarir við barnsmóður á hugsanlegum getnaðartíma barns. Að sjálfsögðu nægir ekki krafa varnaraðilja ein eða staðhæfing hans um, að tiltekinn maður hafi legið með barnsmóður, til þess að sá verði dreginn sem varnaraðili inn í barnsfaðernismál. Kröfu sína verður hann að styðja gögnum eða slík gögn að hafa komið fram með öðrum hætti.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er að vísu leitt í ljós, að sóknaraðili og Y hafa átt vingott hvort við annað, en um það, hvort þau hafi átt mök saman á hugsanlegum getnaðartíma barns sóknaraðilja, en hann er talinn frá 23. september til 22. desember 1962 (sic), hafa ekki komið fram önnur gögn auk fullyrðingar varnaraðilja en framburður D, sem telur sóknaraðilja hafa sængað með Y á snemma í október 1961. Samkvæmt þessu þykir varnaraðili ekki hafa fært þær líkur að kynferðismökum milli sóknaraðilja og Y á tímabilinu 23. september til 22. desember 1962 (sic), að fært sé að draga hann inn í málið sem varnaraðilja. Verður því kröfu varnaraðilja í þá átt hrundið.

Þess skal getið, að varnaraðili bar eigi fram kröfu sína fyrr en á því dómþingi, er flytja skyldi fram vörn í málinu.

Því úrskurðast:

Krafa X um, að Y verði dreginn sem varnaraðili inn í málið: K gegn X, verður ekki tekin til greina.